

24. nóvember 2016 kl 11:30

Skólaráð grunnskóla

Mætt: Birna Sigurðardóttir, Erla Guðfinna Jónsdóttir, Sigrún Leifsdóttir, Lovísa Herborg Ragnarsdóttir, Elvar Eyvindsson, Ástríður Björk Sveinsdóttir og Auður Fr. Halldórsdóttir.

Elsa Lorange boðaði forföll.

\*Farið yfir reglugerð skólaráðs grunnskóla, Birna les upp. Á þessum fundi er farið yfir skólanámskránnu, í vor verður farið yfir skóladagatalið.

\*Kosning og starfsáætlun

\*Starfsáætlun, reynum að hafa 3 fundi, einn núna, annar í upphafi næsta árs og einn að vori

\*Næsti fundur 1. febrúar kl 11:30 og þar næsti 4. apríl 11:30. Á febrúar fundinum umræðugrunnur um gerð skóladagatalsins, t.d. hvað margir dagar. Á seinni fundinum væri búið að leggja dagatalið fyrir starfsfólk skólans og fræðsluráð.

\*Fundargerðir eiga að liggja frammi, nemendur eiga að eiga kost á að taka þátt í skólaráði.

\*Skólanámskrá Hvolsskóla, (samþykkt). Kíktum á starfsmannahandbókina, hún er ný síðan í fyrra.

\*ræddum lestrarstefnu og sýndum fram á.

\*Heimalestur, spurning hvort foreldrar eru að sinna því nógu vel með börnunum, hvað finnst nemandanum okkar sem er með okkur. Málfræðin gengur stundum á lesturinn. Lesturinn ætti að vera þjálfun, mikil í skólanum og heima.

\*Láglaunasvæði, tengist lesturinn því eða áhuga foreldranna á námi barnsins. Umræða um lesturinn, lestrarvini og fleira.

\*Umræða um sumarlestur, námskeið á sumrin í lestri.

\*Umræðan um lesturinn og skriftin, umræða um hvaða skrift er verið að nota, ítálíuskriptin var tekin fyrir nokkrum árum, tölvurnar áttu að taka við, við erum ekki lengur sammála því. Auður segir frá tilraun í Svíþjóð, 1.-2. bekkur æfði sig ekki að skrifa, en æfðu sig að teikna. Og þegar þau fóru að skrifa, skrifuðu þau vel. Umræða um frjálsta ritun, þá virkar eins og allar reglur séu úti.

\*Umræða um skrift og stafsetningu.

\*Vandinn liggur ekki alltaf hjá foreldrum, börnin eru erfið heima.

\*Læsisráðstefna, heppnaðist vel, var á milli 14-17. Mætti hafa verið betur mætt.

\*Umræðan um lesturinn, Njálulesturinn, nemandi okkar var ekki jákvæð fyrst, en gerðist jákvæðari þegar leið á lesturinn. (Þrymskviða) tillaga, auðvelt að leika hana.

\*Opinn viðburður á næsta ári? Ætti að taka fyrir stærðfræði næst?

\*Umræða um ráðstefna, læsi, stærðfræði, skrift.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

Fundarritari var Erla Guðfinna Jónsdóttir.

